

# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 13. september kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 743. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Hrafnhildur Sverrisdóttir, Margrét Þormar, Björn Ingi Edvardsson, Ingvar Jón Bates Gíslason, Sólveig Sigurðardóttir og Birkir Ingibjartsson, Hildur Gunnarsdóttir og Jón Kjartan Ágústsson.

Ritari var Harri Ormarsson.

## Þetta gerðist:

- Freyjubrunnur 23, Fjölbýlishús 8 íbúðir** (02.695.412) Mál nr. BN056559  
Skjalnr. 11587  
520515-1000 Mánalind ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. september 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja 8 íbúða steinsteypt fjölbýlishús á 4 hæðum á lóð nr. 23 við Freyjubrunn.  
Stærðir: A- rými: 793.7 ferm., 2411.6 rúmm., B-rými: 37.2 ferm., 104.1 rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 13. ágúst 2019, bréf undirritað e.u. borgarstjórans í Reykjavík og varðar samþykkt á deiliskipulagsbreytingu dags. 7. mars 2019, afrit af endurútgefnu byggingarleyfi dags. 17. ágúst 2017. mælibleið 2.695.4 endurútfið 18. júní 2019 og hæðablað 2.695.4, útgáfa B3 dags. september 2009. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
- Friggjarbrunnur 32, Byggingarlýsing** (05.053.304) Mál nr. BN055775  
Skjalnr. 11910  
*uppfærð - svalahandriðum breytt*  
Bjartmar Örn Arnarson, Gvendargeisli 42, 113 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. september 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN036790 með því að breyta byggingarlýsingu varðandi glugga, innveggi og svalahandrið og óuppfyllt rými breytt í geymslu, og þar sem geymslan verður breyt í bað/þvott og komið er fyrir eldhúsi og stofu í kjallara í einbýlishúsi á lóð nr. 32 við Friggjarbrunn.  
Stækkun vegna óuppfyllta rýmis er: 17,7 ferm. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
- Öldugata 44 og Brekkustígur 9, (fsp) gerð** Mál nr. SN190274  
Skjalnr. 6440  
*deiliskipulags*  
521108-1180 Ó44 ehf, Pósthólf 17, 121 Reykjavík  
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn Helga Konráðs Thoroddsen dags. 8. maí 2019 ásamt greinargerð dags. 8. maí 2019 um gerð deiliskipulags fyrir lóðirnar nr. 44 við Öldugötu og 9 við Brekkustíg þar sem áformuð er ný uppbygging og breyting á lóðamörkum. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2019 samþykkt.*

4. **Gufunes, Jöfursbás 11, breyting á** (02.2) Mál nr. SN190398  
*deiliskipulagi* Skjalnr. 7808  
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er nú lögð fram að nýju umsókn Yrki arkitekta ehf. dags 27. júní 2019, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Gufunes vegna lóðarinnar nr. 11 við Jöfursbás. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar úr 4771 m<sup>2</sup> í 5641 m<sup>2</sup>. Ekki er gert ráð fyrir að byggt verði neðanjarðar, hámarks byggingarhæð verði lækkuð úr 7 hæðum í 5 hæðir, fallið verði frá kröfu um bílastæði á lóð, bílastæðapörfin er reiknuð út sem 1 stæði per 120m<sup>2</sup> íbúðarhúsnæðis, gert er ráð fyrir minni íbúðum en tilgreint er í almennum skilmálum, aðkoma neyðarbíla og lestunar/losunar bíla innan lóðar verði tryggð, gert verði ráð fyrir djúpgámum á lóðinni, gert verði ráð fyrir allt að 130 íbúðum á lóðinni, lóðarmörk verði færð 7m vestur og 15,8m til suðurs og fl. ásamt skilmálabreytingum samkvæmt uppdrætti Yrki arkitekta ehf. dags 27. júní 2019. Tillagan var auglýst frá 24. júlí 2019 til og með 4. september 2019. Engar athugasemdir bárust.  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*
5. **Kjalarnes, Esjumelar, ósk um breytingu á** (34.2) Mál nr. SN190542  
*deiliskipulagi - R19070109* Skjalnr. 10184  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi deildarstjóra atvinnuþróunar f.h. skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 5. september 2019 þar sem óskað er eftir að skipulagsfulltrúi vinni tillögu að deiliskipulagsbreytingu á athafnarsvæðinu við Esjumela á Kjalarnesi með það að markmiði að þar verði útbúin lóð fyrir starfsemi Malbikunarstöðvarinnar Höfða.  
*Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra..*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
6. **Kjalarnes, Nesvík, (fsp) nýtt deiliskipulag** Mál nr. SN190512  
Skjalnr. 10177  
660504-2060 Plúsarkitektar ehf. Fiskislóð 31, 101 Reykjavík  
511202-3450 Íslenskar fasteignir ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 30. ágúst 2019 varðandi gerð nýs deiliskipulags fyrir Nesvík á Kjalarnesi vegna uppbyggingu ferðaþjónustu. Einnig er lögð fram fyrirspurnartillaga dags. 1. ágúst 2019.  
*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*
7. **Laugavegur, Bolholt, Skipholt, nýtt** (01.251.1) Mál nr. SN190527  
*deiliskipulag* Skjalnr. 10651  
560997-3109 Yrki arkitektar ehf. Mýrargötu 26, 101 Reykjavík  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Lögð fram tillaga Yrki arkitekta ehf. dags. 5. september 2019 varðandi nýtt deiliskipulag fyrir reit sem afmarkast af Laugavegi til norðurs, Bolholti til austurs, Skipholti til suðurs og Laugavegi 174 og Skipholti 31 til vesturs. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á lóðinni Laugavegur 176 vegna fyrirhugaðs hótels, en aðrar lóðir á skipulagsreitnum verða skilgreindar sem lóðir án heimilda samkvæmt uppdráttum Yrki arkitekta ehf. dags. 4. september 2019. Einnig er lögð fram skipulagslýsing dags. 21. september 2017, húsakönnun dags. 2017 og minnisblað VSÓ Ráðgjafar um samgöngumál dags. 2. júlí 2019.  
*Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

8. **Úlfarsfell, Útsýnispallur - fjarskiptastöð - mastur** (97.001.021) Mál nr. BN056507  
Skjalnr. 470905-1740 Sýn hf., Pósthólf 166, 232 Keflavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja útsýnispall, fjarskiptamiðstöð og 50m hátt mastur á toppi Úlfarsfells á lóð Í Úlfarsfellslandi. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. september 2019.  
Gjald kr. 11.200  
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. september 2019.*
9. **Grundarstígur 7, breyting á deiliskipulagi** (01.184.0) Mál nr. SN190048  
Skjalnr. 10741  
Árni Guðjónsson, Grundarstígur 7, 101 Reykjavík  
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvægi 152, 104 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019 var að lokinni auglýsingu lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi að Grundarstígur 7. Tillagan var auglýst frá 28. júní til og með 9. ágúst 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Friðrik Þór Stefánsson dags. 8. ágúst 2019, G. Rósa Eyvindardóttir dags. 9. ágúst, Vigdís Pálsdóttir og Örn Úlfar Höskuldsson dags. 9. ágúst 2019, Helgi Kristinn Grímsson dags. 9. ágúst 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra. Einnig lagður fram tölvupóstur Jón Þórs Einarssonar og Þóru Elísabetar Kjeld dags. 6. september 2019.  
*Samþykkt að framlengja frest til athugasemda til 27. september 2019.*
10. **Langagerði 48, Breyting á BN033298** (01.832.105) Mál nr. BN055284  
Skjalnr. 11073  
Auðunn Jóhann Guðmundsson, Langagerði 48, 108 Reykjavík  
Magdalena Elísabet Andrésdóttir, Langagerði 48, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. september 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. september 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN033298 þannig að núverandi svalir eru fjarlægðar, komið verður fyrir svölum sem eru 160cm x 260 cm á þak og gluggum breytt á húsinu á lóð nr. 48 við Langagerði. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. nóvember 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2018. Gjald kr. 11.000 + 11.000  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Langagerði 28, 30, 46 og 52*  
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*
11. **Stigahlíð 86, Einbýlishús** (01.733.701) Mál nr. BN056639  
Skjalnr. 14181  
Geirlaug Þorvaldsdóttir, Stigahlíð 80, 105 Reykjavík  
Gunnar Mýrdal Einarsson, Kópavogsbrún 1, 200 Kópavogur  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. september 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum á lóð nr. 86 við Stigahlíð.  
Erindi fylgir undirritað umboð lóðarhafa og öðrum af tveimur umsækjendum erindis, sem meðumsækjanda heimild til þess að byggja einbýlishús á lóðinni dags. 29. ágúst 2019. Stærð: A-rými: 501.4 ferm., 1.844.6 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

12. **Tjarnargata 10D, (fsp) setja kvist og svalir** Mál nr. SN190532  
Skjalnr. 14179  
Katrín Sif Einarasdóttir, Tjarnargata 10D, 101 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Katrínar S. Einarasdóttur dags. 28. ágúst 2019 um að setja kvist með svölum á bakhlið hússins á lóð nr. 10D við Tjarnargötu, samkvæmt skissu.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
13. **Fannafold 185, (fsp) sólskáli** (02.851.8) Mál nr. SN190433  
Skjalnr. 14155  
Hannes Leifsson Stephensen, Borgabraut 9, 510 Hólmavík  
Lögð fram fyrirspurn Hannesar Leifssonar Stephensen dags. 17. júlí 2019 um byggingu 25 m<sup>2</sup> sólskála við húsið á lóð nr. 185 við Fannafold.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
14. **Hverfisgata 40, Innréttva veitingastað** (01.172.001) Mál nr. BN056614  
Skjalnr. 5894  
671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. september 2019 þar sem sótt er um leyfi til að opna tímabundið á milli eignarhluta 0101 og 0102 og innréttva veitingarstað í fl. II tegund A fyrir 60 gesti, á lóð nr. 40 við Hverfisgötu og koma fyrir loftræsingu frá eldhúsi veitingastaðarins upp fyrir þakbrún á lóð nr. 46 við Hverfisgötu. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2019.  
Umsögn brunahönnuðar fylgir dags. júní 2019. Bréf hönnuðar dags. 27. ágúst 2019 og 6. sept. 2019 fylgir með erindinu. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2019 samþykkt.*
15. **Laugavegur 15, (fsp) veitingastaður** (01.171.1) Mál nr. SN190485  
Skjalnr. 12725  
670717-0700 A FEATHER ON THE OLFUS ehf., Austurbergi 12, 111 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. ágúst 2019 var lögð fram fyrirspurn A FEATHER ON THE OLFUS ehf. dags. 21. ágúst 2019 um að vera með verslun og veitingastað/take away á jarðhæð hússins á lóð nr. 15 við Laugaveg. Einnig eru lagðar fram teikningar dags. 1. september 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2019 samþykkt.*
16. **Mávahlíð 5, (fsp) skipta íbúð upp í tvær íbúðir** (01.702.115) Mál nr. SN190517  
Skjalnr. 14176  
Einar Ingi Ágústsson, Skipasund 36, 104 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. september 2019 var lögð fram fyrirspurn Einarar Inga Ágústssonar dags. 2. september 2019 um að skipta íbúð sem er á efri hæð og risi hússins á lóð nr. 5 við Mávahlíð í tvær íbúðir. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2019 samþykkt.*
17. **Seljavegur 1, breyting á deiliskipulagi** (01.130.2) Mál nr. SN190490  
Skjalnr. 13910  
450400-3510 VA arkitektar ehf., Borgartúni 6, 105 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Richards Ólafs Briem dags. 26. ágúst 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 1 við Seljaveg. Í breytingunni felst að heimilt er að byggja nýbyggingu á lóð í stað þess að koma fyrir flutningshúsi, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 18. ágúst 2019. Einnig er lagður fram tölvupóstur Minjaverndar dags. 26. ágúst 2019.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

18. **Stórhöfði 15, staðsetning ökutækjaleigu** (04.038.8) Mál nr. SN190519  
Skjalnr. 8384  
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. september 2019 var lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 31. ágúst 2019 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Ragnars Þórs Ægissonar f.h. Rent me a car um að reka ökutækjaleigu að Stórhöfða 15. Sótt er um leyfi fyrir allt að 80 ökutækjum í útleigu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2019.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2019.*
19. **Eyjarslóð 1, Svalir - 2.hæð** (01.111.502) Mál nr. BN056535  
Skjalnr. 5644  
541008-1440 GT 2 ehf., Fiskislóð 31, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. ágúst 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, gluggasetningu og setja svalir á 2. hæð iðnaðar- og skrifstofuhúss nr. 1, mhl-01, við Eyjarslóð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2019.  
Erindi fylgir mæliblað 1.111.502 endurútgefið í febrúar 2001.  
Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2019 samþykkt.*
20. **Framnesvegur 29, (fsp) inndregin þakhæð** (01.134.5) Mál nr. SN190499  
Skjalnr. 14174  
660504-2060 Plúsarkitekta ehf. Fiskislóð 31, 101 Reykjavík  
Ólafur Ingi Jónsson, Framnesvegur 29, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. september 2019 var lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 27. ágúst 2019 um að setja inndregna þakhæð á húsið á lóð nr. 29 við Framnesveg, samkvæmt tillögu Plúsarkitekta ehf. dags. í ágúst 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2019.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2019.*
21. **Línbergsreitir, Grandagarði, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN190526  
Skjalnr.  
Andri Klausen, Tómasarhagi 27, 107 Reykjavík  
430715-0970 Línberg ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Andra Klausen dags. 5. september 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar - Vesturhafnar vegna lóðanna nr. 16-32 við Fiskislóð og nr. 39-93 við Grandagarð. Í breytingunni felst að skipta svæðinu upp í fimm lóðir, niðurrifi eldri bygginga og byggingu nýrra og hærri húsa eða 2-4 hæðar ásamt byggingu bílastæðahúss fyrir um 300 bíla, samkvæmt uppdráttum ASK Arkitekta ehf. dags. 18. ágúst 2018. Einnig er lögð fram húsakönnun fyrir Örfirisey og Granda dags. 2009, minnisblað teiknistofunnar Stiku dags. 28. maí 2019, minnisblað Eflu dags. 20. júní 2019, tvær skýringamyndir teiknistofunnar Stiku ódags., og kynningarhefti ASK Arkitekta ehf. dags. 5. september 2019. Einnig er lögð fram drög að viljayfirlýsingu dags. í júní 2019.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.  
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
22. **Hafnarstræti 5, (fsp) veitingastaður/bar** (01.140.1) Mál nr. SN190505

Sigurður Ólason, Stekkjarland 11, 800 Selfoss

Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Ólasonar dags. 29. ágúst 2019 um rekstur veitingastaðar með vínveitingum í húsinu á lóð nr. 5 við Hafnarstræti Tryggvagötumegin annars vegar og Hafnarstrætismegin hins vegar. Einnig er lögð fram skissa ódags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. september 2019.

*Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. september 2019. Samræmist deiliskipulagi.*

23. **Laugavegur 20B, (fsp) veitingastaður** (01.171.5) Mál nr. SN190531  
Skjalnr. 6844  
470605-1460 Stórval ehf. Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Stórvals ehf. dags. 6. september 2019 um rekstur veitingastaðar á jarðhæð hússins á lóð nr. 20B við Laugaveg.  
*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*
24. **Rauðarárstígur 1, (fsp) breyting á notkun** (01.222.1) Mál nr. SN190484  
Skjalnr. 13386  
530514-2500 Ástrík poppkorn slf., Ásvegi 16, 104 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Ástríks poppkorns slf. dags. 21. ágúst 2019 varðandi breytingu á notkun verslunarrýma á 1 hæð hússins á lóð nr. 1 við Rauðarárstíg í íbúðir (Fnr. 20099593 og F2009594). Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2019. Jafnframt er lagður fram tölvupóstur Ásthildar Björgvinsdóttur og Svavars Þorsteinssonar dags. 9. september 2019.  
*Vísad til umsagnar skrifstofu sviðstjóra.*
25. **Briertartún 3-5, breyting á deiliskipulagi** (01.22) Mál nr. SN180596  
Skjalnr. 13895  
530416-0890 J.E. 101 ehf., Stórhöfða 33, 110 Reykjavík  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 22. ágúst 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits 1.220.0 vegna lóðarinnar nr. 3-5 við Briertartún. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit til norðausturs og auka nýtingarhlutfall þannig að heimilaðar verði þrjár hæðir með inndregni þakhæð sem snýr að Briertartúni, en fimm hæðir að aukinni inndregni þakhæð á norðaustur hluta lóðar, samkvæmt uppd. THG Arkitekta ehf. dags. 22. ágúst 2018, síðast breytt 12. september 2019. Einnig er lagt fram bréf THG Arkitekta ehf. dags. 22. ágúst 2018. Tillagan var auglýst frá 28. desember 2018 til og með 8. febrúar 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Veitur ohf. dags. 31. janúar 2019. Einnig lögð fram netsamskipti við Borgarsögusafn vegna húsakönnunar og fornleifaskráningar 28. desember 2018 -15. febrúar 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. febrúar 2019 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 8. mars 2019 og 5. september 2019, fornleifakönnun Fornleifastofnunar Íslands ses dags Reykjavík 2019.  
*Vísad til skipulags- og samgönguráðs.*
26. **Hólmasund 2, breyting á deiliskipulagi** (01.411.1) Mál nr. SN190434

Brynja, Hússjóður Öryrkjabandalag, Hátúni 10c, 105 Reykjavík  
560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf. Laugavegi 164, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. ágúst 2019 var lögð fram umsókn Arkitekta Laugavegi 164 ehf. dags. 17. júlí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Þróttarsvæðis vegna lóðarinnar nr. 2 við Hólmaslóð. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til austurs til að rúma tækjageymslu annarsvegar og sorp- og hjólageymslu hinsvegar, samkvæmt uppdr. Arkitekta Laugavegi 164 ehf./Glámu Kím dags. 16. júlí 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Sæviðarsundi 37, 39 og 41 og Hólmasundi 11.*

*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

27. **Þingholtsstræti 25, (fsp) breyting á** (01.183.3) Mál nr. SN190496  
**deiliskipulagi** Skjalnr. 10474

Páll V Bjarnason, Laufásvegur 7, 101 Reykjavík  
671117-0340 Pappýlisfjall ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Páls V. Bjarnasonar dags. 26. ágúst 2019 ásamt greinargerð dags. 26. ágúst 2019 um breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.183.3, Grundarstígrett vegna lóðarinnar nr. 25 við Þingholtsstræti sem felst í að stækka og hækka viðbyggingu við suðurgafli núverandi húss og gera við hana svalir á 1. og 2. hæð auk svala á þaki útbyggingar, gera kvist með mænispaki og þremur gluggum á bakhlið hússins, fjölga íbúðum í húsinu í sjö o.fl., samkvæmt uppdr. P.Ark dags. 23. ágúst 2019. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands ódags.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

28. **Gufuneshöfði, breyting á deiliskipulagi** (02.2) Mál nr. SN190516  
Skjalnr. 12335

681194-2749 Kanon arkitektar ehf. Laugavegi 26, 101 Reykjavík  
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. september 2019 var lögð fram umsókn Kanon arkitekta ehf. dags. 2. september 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna Gufuneshöfða. Í breytingunni felst að fjarlægja innsiglingarmerki við Gufuneshöfða og koma fyrir nýju innsiglingarmerki um 105 metra til norðausturs, vestan Leiðhamra/Krosshamra. Við þessa breytingu er deiliskipulagssvæðið stækkað og mörk þess færð til norðvesturs yfir hverfisverndarsvæði Gufuneshöfða að strandsvæði, samkvæmt uppdrætti Kanon arkitekta ehf. dags. 2. september 2019. Einnig lagt fram umboð Faxaflóahafna sf. dags. 2. september 2019 og drög að fornleifaskráningu dags. 2019.

*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:05.

Björn Axelsson,

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir